



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarvogs

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Svar við fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um kjörsókn í Hverfið mitt


Á fundi íbúaráðs Grafarvogs þann 4. september 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs, sbr. 9. liður fundargerðar sama dag:

Íbúaráð Grafarvogs telur "Hverfið mitt" mikilvægt til að virkja áhuga íbúa til lýðræðislegrar þátttöku. Íbúaráð mun beita sér fyrir góðri kynningu svo þátttakan verði sem mest. Svo íbúaráð geti metið árangur sinn í kynningum á kosningunni þá óska íbúaráðið eftir því að fá frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofunni eftirfarandi tölfræði: Hlutfallslega þátttöku allra Reykvíkinga undanfarin ár? Hlutfallslega þátttöku íbúa Grafarvogs undanfarin ár? Hlutfall íbúa annarra hverfa sem kusu um verkefni í Grafarvogi undanfarin ár? Hlutfall íbúa Grafarvogs sem kusu í öðrum hverfum undanfarin ár?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Svar:

Við lok hverra kosninga í verkefninu Hverfið mitt eru unnar skýrslur þar sem kosningaþátttaka er greind milli hverfa, aldurshópa og eftir kyni. Þessar skýrslur eru aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/verkefni-fyrri-ara>. Á eftirfarandi grafi má sjá hlutfall þátttöku íbúa Grafarvogs og Reykvíkinga á árunum 2016 til 2021:



Upplýsingar um hlutfall íbúa annarra hverfa sem kusu í Grafarvogi og hlutfall íbúa Grafarvogs sem kusu í öðrum hverfum liggja ekki fyrir.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa